



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 405. fund velferðarráðs 16. júní 2021
VEL2021050026
RÁ/kg

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Heilsuborgin Reykjavík – Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lagt fram bréf borgarstjóra, dags 17. maí 2021, varðandi drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Borgarráð samþykkti að vísa drögum að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030 til umsagnar fagráða Reykjavíkur.

Umsögn:

Í framlögðum drögum að Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar kemur fram skýr framtíðarsýn og áherslur stefnunnar ná yfir öll svið borgarinnar. Horft er til þess að í góðu lífi felist ekki eingöngu að vera laus við vandamál og hættu heldur er markmiðið sett á að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju í borg sem íbúum þykir gott að búa í. Markmið eru með áherslu á félagslega áhrifaþætti heilsu og eiga að birtast í gildum lýðheilsustarfs í Reykjavík JÖFNUÐUR – FAGMENNSKA – VELLÍÐAN – SAMVINNA.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi Samfélag í samstarfi við Embætti landlæknis og unnið á grundvelli Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019. Þjónustumiðstöðvar hafa þróað slíka vinnu í hverfum borgarinnar frá árinu 2014. Þann 8. júní 2021 samþykkti velferðarráð framlögð drög að velferðarstefnu Reykjavíkur, *Reykjavík – fyrir okkur öll* sem fór til umfjöllunar í borgarráði og vísað til borgarstjórnar. Grunnmarkmið stefnunnar er að standa vörð um lífsgæði borgarbúa og tryggja að Reykjavík sé fyrir alla, sem er samhljóma þeim áherslum sem fram koma í drögum að Lýðheilsustefnu, það er jöfnuður til heilsu og vellíðanar, að enginn sé skilinn eftir. Eitt af sjö áhersluatriðum Velferðarstefnunnar er *frumkvæði og forvarnir* og í aðgerðaáætlun með stefnunni kemur fram að endurnýja eigi stefnu í forvarnarmálum fyrir Reykjavíkurborgar í þverfaglegri samvinnu. Í aðgerðaáætlun með stefnunni koma fram mjög mikilvægar áherslur eins og rannsókn á félagslegu landslagi og ójöfnuði í heilsu eftir hverfum. Annar mikilvægur þáttur sem kemur fram er að huga að fyrstu æviskeiðum barna og einnig að heilsu og velferð eftir Covid.

Í drögum að Lýðheilsustefnu kemur fram að stofnaður verði stýrihópur Heilsborgarsamtaka skipaður fulltrúum yfirstjórnar Reykjavíkurborgar auk fulltrúa frá Embætti landlæknis. Jafnframt verði skipaður faghópur um lýðheilsu sem skipaður er ýmsum fulltrúum borgarinnar auk fulltrúum Embættis Landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk hópsins er að styðja við innleiðingu Lýðheilsustefnu og koma að endurskoðun aðgerðaáætlunar. Velferðarsvið leggur til að hópurinn geti jafnframt verið ráðgefandi fyrir svið borgarinnar í mótun stefnu og aðgerða er lúta að lýðheilsumálum. Slíkt ráðgefandi hlutverk gæti stuðlað enn frekar að því að öll svið Reykjavíkurborgar nái að ganga í takt við áherslur Lýðheilsustefnunnar og fylgi henni betur eftir.

Ljóst er að framlögð drög að Lýðheilsustefnu lýsa miklum faglegum metnaði, áherslum á gagnadrifna ákvarðanatöku og stöðugu endurmati á árangri sem leiða á til góðrar heilsu og vellíðan allra borgarbúa í Heilsborginni Reykjavík.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri